

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 3. febrúar 2023
UST202301-391/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 vegna miðbæjar Egilsstaða

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Fljótshéraðs er barst 26. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 vegna miðbæjar Egilsstaða.

Í greinargerð kemur fram að breytingin nær til reits M1, miðbæjarkjarna á Egilsstöðum þar sem gerðar verða breytingar á skilmálum fyrir reitinn. Gert er ráð fyrir blöndu verslunar, þjónustufyrirtækja, þjónustustofnana og íbúða. Byggingarmagn verði allt að 100.000 m² á mest þremur hæðum og allt að 180 íbúðir. Íbúðir verða almennt ofan jarðhæðar eða á sérstökum íbúðalóðum. Auk þess kemur fram að reiturinn liggur að fjölförnum gatnamótum en nokkur breyting getur orðið á umferðinni vegna áforma um nýja vegtengingu við göng undir Fjarðarheiði. Kynnt hefur verið breyting á aðalskipulagi vegna þessa en ferlinu er ekki lokið.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur